

**Ed.**

**167. Frumvarp til laga**

[127. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1978 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatekjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Með frumvarpi því sem hér er lagt fyrir Alþingi er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1978 með sömu viðaukum og á undanförunum árum. Tekjur ríkissjóðs vegna innheimtu stimpilgjalda, þinglýsinga og aukatekna voru áætlaðar 1 984 m.kr. fyrir fjárlagaárið 1977. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1978 eru tekjur vegna sömu gjalda áætlaðar 2 345 m.kr. og er þá miðað við innheimtu ýmissa gjalda með óbreyttum viðauka eins og heimild hefur verið til á undanförunum árum.

Gert er ráð fyrir að lagt verði fyrir Alþingi síðar á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um stimpilgjald en nú stendur yfir heildarendurskoðun þeirra laga.